



**15. fundur
framkvæmda- og hafnanefndar Norðurljóspings
haldinn í stjórnsýsluhúsi Norðurljóspings,
föstudaginn 17. febrúar 2012 og hófst hann kl. 14:00**

Fundinn sátu:

Þráinn Guðni Gunnarsson, Jón Grímsson, Hjálmar Bogi Hafliðason, Sigurgeir Höskuldsson, Áki Hauksson, Tryggvi Jóhannsson, Sveinn Birgir Hreinsson, Stefán Sigurður Stefánsson,

Fundargerð ritaði: Tryggvi Jóhannsson, Framkvæmda- og þjónustufulltrúi

Dagskrá:

1. 201105013 - Endurskoðun deiliskipulags miðhafnarsvæðis

Per Langsøe Christensen kynnti breytta tillögu að deiliskipulagi miðhafnarsvæðis.

Sérstaklega kynnti hann tvær hugmyndir sýnar um byggingarmöguleika á lóðum að Hafnarstétt 19-23.

Skipulags- og byggingarnefnd lagði til á fundi sínum miðvikudaginn 15. feb. sl. að skipulagstillögunni yrði breytt til þess að heimila fyrirkomulag eins og teiknað er upp í tillögu "A".

Framkvæmda- og hafnanefnd samþykkir tillögu s&b um að deiliskipulagstillaga A verði kynnt á almennum íbúafundi.

2. 201110042 - Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Norðurljóspings vegna miðhafnarsvæðis

Engar breytingar hafa verið gerðar á áður kynntri tillögu.

Meirihluti skipulags- og byggingarnefndar lagði til við framkvæmda- og hafnanefnd að tillagan verði kynnt á almennum íbúafundi til samræmis við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eins og hún er lögð fram. Litið verði svo á að fyrri auglýsing skipulagstillögunnar gildi sem kynning lýsingar skv. 1. mgr. 30. gr.

Framkvæmda- og hafnanefnd samþykkir tillögu s&b um að tillagan verði kynnt á almennum íbúafundi.

Áki óskar bókað:

Fulltrúi Þinglistans vill bóka

Svæði H5 sem merkt er inn á aðalskipulag miðhafnarsvæðis og er eingöngu skipulagt fyrir hafnarsvæði telur fulltrúi Þinglistans mikilvægt að því svæði verði ekki breytt í blandað hafnar-verslunar og



þjónustusvæði. Á þessu svæði er mikilvægt að halda sem mestri umferð ferðamanna frá fiskvinnslu og umferð lyftara og stærri tækja sem þurfa þjónustu frá hafnarvog. Mikil umferð sérstaklega yfir strandveiðitímabilið getur skapað mikla hættu á slysum ef beina á t.d. þúsundum ferðamanna yfir í gömlu síldarverksmiðjuna og þvert á athafnarsvæði löndunar og vigtar. Með öryggi ferðamanna í huga leggst fulltrúi Þinglistans gegn því að H5 svæðið samkv. aðalskipulagi verði breytt í blandað svæði. Er þessar áhyggjur fulltrúa Þinglistans í fullu samræmi við ábendingar Siglingastofnunar. Siglingastofnun telur einnig að ef svæðinu H5 verði breytt í blandað svæði þurfi að færa hafnarvogina.

Fulltrúi Þinglistans Áki Hauksson

3. 201202032 - Erindi frá Áka Haukssyni, fulltrúa Þinglistans vaðandi hafnarreglugerð Norðurljósa

Áki leggur fram eftirfarandi fyrirspurn og greinargerð:

Hvaða reglur eru í gildi í nýsamþykktri hafnareglugerð yfir hafnir Norðurljósa?

Greinargerð:

Nýsamþykkt hafnareglugerð yfir hafnir Norðurljósa sem innanríkisráðherra samþykkti þann 11. febrúar 2011 kemur meðal annars fram í þriðju grein reglugerðarinnar.

“Framkvæmda- og hafnanefnd veitir leyfi til starfsemi á hafnasvæðum og hefur vald til að banna eða takmarka afnot hafnasvæða fyrir starfsemi sem hún telur torvelda eðlilega hafnastarfsemi.”

“Framkvæmda- og hafnanefnd gerir tillögur til bæjarstjórnar vaðandi skipulagsmál á hafnasvæðum, enda hafi tillögurnar fengið umfjöllun skipulags- og byggingarnefndar. Byggingamál á hafnasvæðum skulu hljóta umfjöllun framkvæmda- og hafnanefndar áður en þau eru lögð fyrir bæjarstjórn.”

Skipulags og byggingarnefnd lagði til við bæjarstjórn deiliskipulag fyrir miðhafnarsvæðið á Húsavík sem Hafnanefnd fékk ekki formlega að taka afstöðu til eða leggja fyrir bæjarstjórn.

Fulltrúi Þinglistans gerði athugasemd við þessi vinnubrögð og vildi fella úr gildi ákvörðun skipulags og byggingarnefndar þar sem að skipulags og byggingarnefnd hefði ekki farið eftir nýsamþykktri hafnareglugerð. Í svari byggingarfulltrúa í tölvupósti þann 15.11.2011 við þessari beiðni minni segir orðrétt:

“Krafa Áka Haukssonar um að fella úr gildi afgreiðslu skipulags- og byggingarnefndar á skipulagstillögu að miðhafnarsvæði virðist f.o.f. fallin til að tefja afgreiðslu deiliskipulagsins. Tillaga skipulags- og byggingarnefndar til bæjarstjórnar er í fullu samræmi við ákvæði skipulagslaga og hafnalaga.”



Á þessu svari má sjá að ekki eru allar reglur í gildi í nýsamþykktri hafnareglugerð yfir hafnir Norðurljósa. Til að valda ekki svona misskilningi aftur þar sem svar byggingarfulltrúa gefur í skín að annarlegar ástæður séu að baki fyrir athugasemd fulltrúa Þinglistans við þessum vinnubrögðum vill fulltrúi Þinglistans fá það upp gefið hjá meirihlutanum hvaða reglur gilda í nýsamþykktri hafnareglugerð og hverjar ekki.

Ekki vill fulltrúi Þinglistans “tefja” málin sem meirihlutanum liggur mikið á að afgreiða með því að vitna í reglur sem samþykktar eru en gilda ekki. Með von um að meirihlutinn temji sér faglegru og vandaðri vinnubrögð í framtíðinni.

Áki Hauksson fulltrúi Þinglistans.

Farið hefur verið yfir málin og og greitt úr því sem vafi lék á um. Eins var hafnareglugerðin skoðuð og ekkert kom í ljós sem stangast á við hafnalög og því er hún öll í gildi.

4. 201202034 - Fyrirspurn frá fulltrúa Þinglistans, Áka Haukssyni, varðandi innheimtu á farþegagjöldum fyrir árið 2011

Áki leggur fram fyrirspurn varðandi innheimtu farþegagjalda fyrir árið 2011 og þá hvort innheimta hafi verið í samræmi við samþykkt hafnanefndar frá því 30. september 2010 en þar var samþykkt að innheimta þau mánaðarlega.

Samkvæmt upplýsingum frá fjármálastjóra Norðurljósa hefur ekki hefur verið innheimt samkvæmt fyrirbyggjandi samþykkt sem tók gildi 1. janúar 2011. Helsta skýringin á því er framkvæmd innheimtunnar en hún felur í sér að upplýsingar um fjölda farþega á hverju viðmiðunartímabili þurfa að berast innheimtudeild sveitarfélagsins sem gefur út reikninga. Eins og gjaldtökunni hefur verið háttáð, undanfarin ár, og gert er ráð fyrir að verði samkvæmt nýju samþykktinni þurfa þeir aðilar sem reka farþegaflutninga við Húsavíkurhöfn að veita upplýsingar um fjölda farþega, hvort heldur sem er fyrir ákveðið tímabil eða allt árið. Tímabil farþegaflutninga er mjög stutt og nær eingöngu yfir sumarmánuðina.

Reikningar fyrir árið 2011 hafa verið sendir út þ.e. er einn reikningur fyrir allt árið.

Framkvæmda- og hafnanefnd beinir því til bæjarráðs að farið verði eftir gildandi samþykkt f&h um innheimtu farþegagjalda.

5. 201202033 - Erindi frá Áka Haukssyni fulltrúa Þinglistans varðandi hafnarvarðamál á Kópaskeri og Raufarhöfn

Áki spyr hvernig hafnavarðamál standi á Kópaskeri og Raufarhöfn og hvort ekki sé öruggt að hægt verði að taka á móti afla á báðum stöðum í



einu á grásleppu- og strandveiðum.

Hafnarstjóri upplýsir að ekkert eigi að vera því til fyrirstöðu að hægt sé að veita umrædda þjónustu.

6. 201202016 - Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, tillaga til þingsályktunar um tólf- og fjögurra ára fjarskiptaáætlun, 342. mál og 343. mál, til umsagnar

Um er að ræða tvö mál sem umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar sveitarfélaga. Mál 342 er tillaga að tólf ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2022 og mál 343 er tillaga að fjögurra ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2014. Umsögn skal berast fyrir 1. mars 2012.

Framkvæmda- og hafnanefnd gerir ekki athugasemdir við áætlanirnar.

7. 201202007 - Marel hf. Krókvog, tilboð

Óskað var eftir tilboði í krókvog sem nota mætti á Kópaskeri og Raufarhöfn. Nú eru aðeins tvær nothæfar vogir á stöðunum en þyrftu að vera þrjár.

Tilboð hefur borist frá Marel upp á kr. 672.000,- án vsk.

Framkvæmda- og hafnanefnd samþykkir að kaupa vogina.

8. 201202003 - Bláfáninn, verkefni Landverndar

Fyrir fundinum lá bréf frá verkefnisstjóra Bláfánans þar sem bent er á að frestur til að skila inn umsókn um Bláfánann fyrir næsta tímabil er til 25. febrúar nk.

Framkvæmda- og hafnanefnd telur ekki ástæðu til að skila inn umsókn vegna Bláfánans að þessu sinni.

9. 201201054 - Frá RARIK varðandi viðhaldsgjald fyrir götulýsingu og breytt eignarhald

Með bréfi óskar RARIK eftir viðræðum um að sveitarfélög yfirtaki götulýsingarkerfi á vegumráðasvæðum sínum sem RARIK hefur annast viðhald á.

Í öðru bréfi frá RARIK sem líka lá fyrir fundinum er greint frá því að RARIK og Samband íslenskra sveitarfélaga hafi komist að samkomulagi um að gera uppkast að rammasamningi um yfirtöku sveitarfélaga á götuljósaeygnunum sem hægt verður að styðjast við í samningum við einstök sveitarfélög.

Lagt fram til kynningar.

10. 201005024 - Landgræðsla ríkisins, ósk um styrk vegna verkefnisins "Bændur græða landið"



Fyrir liggur bréf frá Landgræðslunni vegna samstarfsverkefnisins Bændur græða landið en verkefnið hefur staðið yfir frá 1990. Landgræðslan fer þess vinsamlega á leit við Norðurþing að verkefni ársins 2011 verði styrkt að upphæð kr. 750.000,-

Framkvæmda- og hafnanefnd samþykkir erindið.

11. 201012019 - Húsnæðisnefnd Norðurþings/Eignasjóður - rekstur

Umsjónarmaður fasteigna fór yfir viðhaldsframkvæmdir ársins 2012.

12. 201006081 - Leikvellir í sveitarfélaginu Norðurþingi.

Erindi frá tólmstunda- og æskulýðsnefnd þar sem fram kemur að nefndin hafi samþykkt á fundi sínum þann 14. febrúar sl. að leggja til við framkvæmda- og hafnanefnd að leikvöllurinn við Túngötu verði endurnýjaður á árinu 2012.

Framkvæmda- og hafnanefnd frestar erindinu.

13. 201111079 - Frá Hafnasambandi Íslands varðandi umhverfisstefnu hafna

Fyrir fundinum lágu drög að umhverfisstefnu fyrir hafnir Norðurþings sem. Málið var áður á dagskrá 13. fundar framkvæmda- og hafnanefndar þann 14. desember sl.

Framkvæmda- og hafnanefnd samþykkir fyrirbyggjand drög að umhverfisstefnu og mun verða unnið eftir henni í framhaldinu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:00